

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga – Álhella 1.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 23. febrúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga, vegna lóðarinnar Álhella 1. Í breytingunni felst að skilmálum lóðarinnar er breytt þannig að í stað þess að vera lóð fyrir varaafstöð Landsvirkjunar verði hún í flokki B3. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðurhafnar – Óseyrarbraut 40A.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 21. apríl 2021 breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna lóðar nr. 40A við Óseyrarbraut. Í breytingunni felst að lóðin stækkar. Jafnframt eru tvö hlið inn á hafnarsvæðið staðsett í nágrenni lóðarinnar. Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 23. apríl 2021.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.